

Skeljungur berast fjölmargar auglýsinga- og styrktarbeiðnir og ekki er unnt að verða við þeim öllum. Í því skini að auka skilvirkni við úthlutun styrkja hefur Skeljungur tekið í notkun rafrænt kerfi til að móttaka beiðnir um styrki. Móttaka styrkbeiðna eftirleiðis mun eingöngu eiga sér stað með milligöngu rafræna kerfisins á heimasíðu félagsins. Því munu erindi um styrki sem berast félaginu í tölvupósti eða í gegnum síma ekki verða tekin til meðferðar.

Styrktarnefnd er starfrækt innan Skeljungs sem kemur saman einu sinni í mánuði og er hlutverk hennar að fara yfir þær umsóknir sem berast og taka afstöðu til þeirra að vel ígrunduðu máli. Hlutverk nefndarinnar er einnig að leitast við að finna frumlegar leiðir til að ná fram jákvæðum breytingum í samfélaginu í gegnum styrki félagsins.

Umsækjendur eru hvattir til að skila umsóknum inn með góðum fyrirvara. Öllum umsóknum verður svarað að aflokinni umfjöllun styrktarnefndar.

Skeljungur leitast við að vinna á kerfisbundinn hátt að málum sem snerta bætt lífsgæði, íþróttastarf/ungmennastarf, öryggi og umhverfisvernd. Skeljungur leggur margvíslegum samfélagslegum verkefnum lið, sem horfa til heilla fyrir land og lýð, þótt þau snerti ekki starfsemi félagsins með beinum hætti. Skeljungur leitast til að þeir fjármunir sem fara til styrktarmála styðji við hlutverk og stefnu félagsins.

Verkefni sem leitað er eftir styrkjum fyrir og falla að einhverjum neðangreindra skilyrða eru líklegri til að hljóta styrk.

Samfélagsverkefni

Verkefni sem stuðla að bættu umhverfi, öryggi í umferðinni, sterkari innviðum samfélagsins, forvörnum og bættum lífsgæðum.

Hópar og íþróttafélög

Skeljungur leggur áherslu á samstarf við ýmsa hópa, félagasamtök og íþróttafélög. Þar sem við leggjum áherslu á árangurstengt samstarf í gegnum sölu á lykklum/kortum.

Skeljungur gerir kröfu til þeirra félaga eða samtaka sem þiggja styrki að starfssemi þeirra og rekstur sé í samræmi við reglur og góða siði.

Skeljungur styrkir ekki málefni eða viðburði sem tengjast áfengi, tóbaki, skemmtanaferðum, trúfélögum, stjórnmálaflokkum, stjórnmálasamtökum eða frambjóðendum þeirra.

Styrktarnefndin horfir líka til þess hvort Skeljungur sé með starfssemi á staðnum / í bænum ef sótt er um styrk fyrir starfssemi sem nýtist mestmegnis á afmörkuðu svæði. Einnig er litið til þess hvort verkefni höfði til móttækilegs hóps / markhóps Skeljungs.

Tegundir styrkja:

- 1) Árangurstengt samstarf
 - a) Íþróttafélög/samtök á árangurstengdum styrkjum þar sem styrkurinn er tengdur fjölda lítra keyptum af eldsneyti eða öðrum vörum af íþróttafélaginu/samtökunum eða aðstandendum þess
 - b) Íþróttafélög/samtök á styrk vegna hagsmuna fyrirtækjasviðs og tengsla fulltrúa viðskiptavina við íþróttafélögin/samtökin.
- 2) Almannaheill. Hópar/félög sem ekki eru í aðstöðu til að standa fyrir beinni dreifingu á lykklum/kortum eða kaupa eldsneyti sjálf og þannig merkjanlega auka sölu eldsneytis eða annarra söluvara félagsins. Styrkir eru þá partur af stefnu Skeljungs í samfélagslegri ábyrgð. Reynt skal eftir smekkleghum hætti að koma þeim styrkjum á framfæri við almenning.
- 3) Sambland af 1 og 2: þar sem aðallega er um að ræða góðgerðarmál en styrkþegi hefur lagt sig fram við að afla frekari viðskipta fyrir Skeljung með mælanlegum árangri. Dæmi: Bleika slaufan og Ljósið.

Dreifing skilaboða

- 1) Alltaf skal reynt að fá styrkþega með sér í lið með að koma skilaboðunum um styrkinn og aðkomu Skeljungs á framfæri þar sem því er við komið.
- 2) Virkja skal okkar miðla, heimasíður, samfélagsmiðla, innri vef, bensínstöðvar/útsölustaði þar sem það hentar.

Nánar um starfssemi styrktarnefndar,

Starfsmönnum styrktarnefndar berst tölvupóstur í hvert skipti sem sótt er um styrk í gegnum rafrænt kerfi á heimasíðu félagsins. Þeir styrkir sem falla undir liði 1 og 3 eru afgreiddir strax. Umsóknir sem falla undir lið 2 er tekin fyrir á fundum nefndarinnar.

Styrktarnefndin hittist einu sinni í mánuði. Hún er alltaf mönnuð a.m.k. 3 starfsmönnum. Nefndin fer yfir þá styrki sem Skeljungur hefur veitt frá síðasta fundi og falla undir liði 1 og 3 nýjar umsóknir sem falla undir lið 2 og bíða ákvörðunar.

Að loknum fundi er umsækjendum svarað með tölvupósti þar sem tilkynnt er hver niðurstaða nefndarinnar er.

Stefna þessi er samþykkt af stjórn Skeljungs þann 10.08.2022 og tekur þegar gildi, stefnan skal endurskoðast árlega og vera aðgengileg á innri vef og heimasíðu Skeljungs.